



**hugbúnaður**

# Handbók

dk Viðskiptahugbúnaður | **Gjaldmiðlar**



## Efnisyfirlit


Efnisyfirlit.....	2
Almennt um gjaldmiðla í dk .....	3
Uppsetning .....	3
Gjaldmiðlar og gengi .....	6
Skráning í dagbók .....	8
Sölureikningar .....	9
Gengismunaútreikningur .....	10

## Almennt um gjaldmiðla í dk

Notkun gjaldmiðla er leyfisháð og er seld sérstaklega. Gjaldmiðlavinnslurnar gera notandanum kleyft að halda utan um færslur í erlendum myntum og láta kerfið reikna gengi. Einnig er hægt að nota erlenda mynt sem grunngjaldmiðil kerfis í stað ISK. Líka er öflugur gengismunaútreikningur í kerfinu.

## Uppsetning


Til að virkja gjaldmiðla í fyrirtæki þarf að fara í Almennt > Fyrirtæki > Almennar stillingar... og haka þar við Nota gjaldmiðla.




Þar er einnig valinn grunngjaldmiðill fyrirtækisins og hvort nota eigi eigin gjaldmiðlatöflu. Þetta getur skipt máli þegar verið er að vinna með mörg fyrirtæki í sama kerfi, eins og í dkVistun, þá getur verið hæpið að nota eina sameiginlega gjaldmiðlatöflu.

Þegar búið er að opna fyrir gjaldmiðlana þarf að merkja þá lykla sem á að færa í erlendum myntum. Í fjárhagsbókhaldi er farið í bókhaldslykla og hakað við það sem við á:

## dk - Gjaldmiðlar




Svipaðar merkingar eru í skuldunautum:



## dk - Gjaldmiðlar

Og lánardrottnum:




Hægt er að færa í mörgum myntum á sama lykilinn en það er ekki ráðlegt því það flækir allar afstemmingar. Þó þurfa safnlyklar fyrir erlenda skuldunauta annars vegar og erlenda lánardrottna hins vegar að leyfa marga myntir, þ.e. ekki haka við fastan gjaldmiðil.


Sé valið að bóka í erlendri mynt á rekstrarlykil er venjan að reikna ekki gengismun þar enda myndi rekstrarniðurstaðan þá breytast við hvern gengismunaútreikning.

## Gjaldmiðlar og gengi

Undir Almennt > Gjaldmiðlar er gjaldmiðlataflan:



Þar í F5 Valmynd er hægt að velja um að skrá gengi handvirkt á hvern gjaldmiðil eða sækja gengi fyrir alla í einu á ákveðnum degi:



## dk - Gjaldmiðlar

Þá stofnast jafnframt þeir gjaldmiðlar sem ekki eru til. Hægt er að velja um að sækja frá Íslandsbanka eða Seðlabanka. Sumir vilja nota meðalgengi í stað kaup/sölugengis og þarf þá að breyta gengisfærslunum í höndunum:

The screenshot shows a software application window titled "dk - [dkDemo01 - Fyrirtæki ehf.]". The main window displays a table of exchange rates for USD. The table has the following columns: "Dagsetning" (Date), "Kaupgengi" (Purchase rate), "Sölugengi" (Selling rate), and "Tollgengi" (Average rate). The data is as follows:

Dagsetning	Kaupgengi	Sölugengi	Tollgengi
28.02.2006	65,31000000	65,65000000	62,08000000
03.04.2006	72,35000000	72,72000000	72,07000000
28.04.2006	74,08000000	74,46000000	72,07000000
29.06.2007	62,54000000	62,86000000	0,00000000
13.07.2007	59,95000000	60,26000000	62,65000000
31.07.2007	60,96000000	61,27000000	62,65000000
20.08.2007	67,29000000	67,64000000	62,18000000
27.03.2008	75,46000000	75,85000000	76,58000000
28.03.2008	77,94000000	78,34000000	74,51000000
16.04.2008	73,73000000	74,11000000	74,59000000
05.01.2009	121,98000000	122,60000000	121,29000000
31.12.2009	124,60000000	125,20000000	125,70000000
31.12.2010	114,78000000	115,32000000	0,00000000

The interface also includes a sidebar with currency options (KIB, NLG, NOK, PTE, SEK, SGD, USD) and a bottom status bar with the text "Leyfi skráð á: IB innflutningsmiðlun ehf." and a system tray showing "dkMain", "Maxel", "dkDemo01", and "12.01.2011 14:26:01".

## Skráning í dagbók

Þegar bókað er í dagbók á gjaldmiðlamerktan lykil (fjárhag, skuldunaut, lánardrottin), spyr kerfið um upphæð í erlendri mynt og stingur jafnframt upp á síðast skráða gengi fyrir þá mynt. Þó má breyta genginu í skráningunni, þetta er aðeins uppástunga um gengi:

The screenshot shows the 'Skráning dagbókar' window with the following data:

Lýsing:	Janúar	Bókhaldstímabil:	2011	Auðkenni:	Tegund:	Venjuleg				
>> Dagsetning	Texti	Fylgiskjal	Tegund	Reikningur	Tilvísun	Gjaldm.	Upphæð	Gengi	Upphæð ISK	Sjóður
15.01.2011	Innborgun	B-0131	Fjárhagur	7840		USD	10.000,00	114,780,000	1.147.800,00	

Below the table, there are fields for 'Gjaldeyriseikningur' and summary statistics:

- Samtals debet: 0,00
- Samtals kredit: 0,00
- Mismunur: 0,00

The bottom of the window features a toolbar with buttons: F1 Hjálp, F2 Fletta, F5 Valmynd, INS Ný, ENT Breyta, DEL Fella, ESC Hætta, and F12 Skrá. The status bar at the bottom right shows 'Leyfi skráð á: IE innflutningsmiðlun ehf.' and the system tray contains 'dkMain', 'Maxel', 'dkDemo01', and '12.01.2011 14:31:04'.

Ef sá sem bókar er með í höndunum kvittun frá t.d. banka þar sem tilgreint er annað gengi þá er það bara slegið ofan í það sem kerfið stingur upp á og reiknast íslenska fjárhæðin samkvæmt því.



## Sölureikningar

Þegar gerður er sölureikningur á gjaldmiðlamerktan aðila reiknar kerfið erlent verð á vörunni með því að taka íslenska söluverðið og deila í það með nýjasta gengi:

The screenshot shows a software window titled "Sölureikningar" (Invoice) with the following data:

**Customer Information:**  
 Númer: 1000, Erlendur Ltd.  
 Heimili: Main Street  
 Land: GB, Bretland  
 Póstnúmer: [Empty]  
 Tengiliður: [Empty]

**Invoice Details:**  
 Dagsetning: 12.01.2011  
 Eindagi: 01.02.2011  
 Söluáður: 01  
 Afsláttarprósenta: 0,00  
 Kennitala: -  
 Tilvísun: [Empty]

**Payment Terms:**  
 Tegund: DEBET  
 Verð: Verð 1  
 VSK: ÁN VSK  
 20 daga greiðslufrestur  
 Maxel

Vörunúmer	Lýsing	Tilvísun	Magn	Ein.	TR.Hluti	Afsláttur	Ein.verð USD	Nettó USD
1001	LaserJet 3200 - 12bls		1,00		0,00	0,00	276,99	277,00
								0,00

**Summary:**  
 Birg: USD Bandaríkjadalur 114,780 Á lager: 11,00 Í söluþöntun: 0,00 Í innkaupaþöntun: 0,00 Til ráðstöfunar: 11,00  
 Úttekið: 277,00 Afsláttur: 0,00 VSK: 0,00 Samtals: 277,00 USD


Buttons: F1 Hjálp, F2 Fletta, F5 Valmynd, INS Ný, ENT Breyta, DEL Fella, ESC Hætta, F12 Skrá

Footer: dkMain, Maxel, dkDemo01, 12.01.2011 14:58:45


Í þessu tilviki var söluverðið á þessari vöru kr. 31.793.- án vsk, síðan var deilt með genginu 114,78 og varð verðið þá USD 277.-

## Gengismunaútreikningur

Hægt er að láta dk reikna gengismun á þeim lyklum sem eru gjaldmiðlamerktir. Þetta er gert í Fjárhagur > Vinnslur > Gengismunur. Fyrst er farið í uppsetningu:



Þar er gefinn upp lykill fyrir reiknaðann gengismun. Þar er líka hægt að velja að hafa aukastafi í bókun á gengismun en það er ekki gert nema grunn gjaldmiðillinn sé með aukastafi. Einnig er hægt að hafa sjálfvirkan gengismunaútreikning en það virkar þannig þegar verið er að bóka t.d. greiðslu á einum reikningi, þá er fundinn gengismunurinn á reikningnum og greiðslunni og hann bókaður. Svo er farið í að reikna gengismun:



Verður þá til dagbók sem þarf að uppfæra. Sé henni hins vegar eytt, er ekkert því til fyrirstöðu að reikna aftur. Ath. að reikna þarf gengismun í réttri tímaröð.

## dk - Gjaldmiðlar

Einnig er hægt að handfæra gengismun og er það gert í sérstakri dagbók. Þegar stofnuð er fjárhagsdabók er hægt að velja um 2 tegundir í hausnum, Venjuleg og Gengismunur. Þegar valin er tegundin gengismunur breytist hegðun skráningarinnar umtalsvert:

The screenshot shows a software window titled "Skráning dagbókar" (Journal Entry) with the following data:

Dagsetning	Texti	Fylgiskjal	Tegund	Reikningur	Tilvísun	Gjaldm.	Upphæð	Gengi	Upphæð ISK	Sjóður
31.12.2010	Gegnismunur	xxxx	Fjárhagur	7840		USD	72.321,00	114,780000	72.321,00	

Below the table, there are summary fields:

Gjaldeysisreikningur	Samtals debet:	0,00
	Samtals kredit:	0,00
	Mismunur:	0,00

At the bottom, there are function keys: F1 Hjálp, F2 Fletta, F5 Valmynd, INS Ný, ENT Breyta, DEL Fella, ESC Hætta, F12 Skrá.

Í þessu tilviki er verið að færa gengismun ISK 72.321.- á lykil sem er merktur með USD. Þá er einfaldlega slegin inn íslenska fjárhæðin en mikilvægt að merkingin sé áfram USD. Verður þá til hreyfing sem er núll í dollurum en 72.321.- í krónum. Það þarf svo að bóka mótfærslu á gengismunareikning.

© 2021 dk hugbúnaður. Allur réttur áskilinn.

dk - Gjaldmiðlar í dk

Þetta rit er hugsað sem leiðbeinandi efni og getur efni þess breyst án fyrirvara. dk hugbúnaður ehf. tekur enga ábyrgð á villum eða rangfærslum sem gætu leynst í skjalinu. Bannað er að endurrita upplýsingar þessa skjals, deila því á opnum vettvangi eða senda það á einn eða annan hátt án þess að fyrir liggi skriflegt leyfi frá dk hugbúnaði ehf.

Ritað af dk hugbúnaði ehf. Smáratorg 3, 201 Kópavogur.

[www.dk.is](http://www.dk.is)